ÞRJÁR SÝNINGAR



Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur

Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum Sigurðar Thoroddsen að Kjarvalsstöðum, en þar sýnir hann um 200 myndir. Vatnslitamyndir, grafík, acrylmyndir, teikningar og krít.


Sigurður Thoroddsen er þjóðkunnur maður af verkfræðistörfum sínum og varla er ráðizt í nokkurt stórvirki á landinu í virkjunarmálum, án þess að hann sé hafður með í ráðum og það fjölefli er með honum vinnur. Mitt í dagsins önn hefur hann sinnt myndgerð, stundum talsvert, stundum minna en skyldi.

Sigurður er fæddur 24. júlí árið 1902 og því tæplega 75 ára að aldri. Foreldrar hans voru þau frægu hjón Skúli Thoroddsen, alþingismaður og ritstjóri og Theódóra Thoroddsen, en þau bjuggu um langt skeið á Bessastöðum, en þar er Sigurður fæddur. Síðar áttu þau heimili í Vonarstræti, þannig að lífið byrjaði í sveit og bæ.

Sigurður varð stúdent frá MR árið 1919 og verkfræðiprófi lauk hann í Kaupmannahöfn árið 1927. Ógjörn ingur er að telja upp störf hans hér, enda skipta þau engu máli í þessu sambandi, nema ef vera skyldi til að sýna að íslenzkir embættismenn, opinberir annamenn og leiðtogar, gætu sinnt listum meira en þeir gera nú. Maó formaður taldi ekki eftir sér að yrkja þótt hann stjórnaði milljarði af fólki, sem var að byggja nýjan heim fyrir sig. Hannes Hafstein ráðherra orti, sama gerðu sýslumenn, prestar og alls konar oddvitar. Nú yrkja valdamenn ekki lengur, né heldur embættismenn, og þeir mála víst lítið.

Lífsverk Sigurðar Thoroddsen í myndlist er ekki svo lítið að vöxtum. Hann málar mikið af vondum myndum að voru mati, en sem betur fer dálítið af góðum myndum líka. Góðu eintökin eru í öllum flokkum mynda, góðar teikningar, t.d. af Ólafi Thors og Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Þá eru á sýningunni ljómandi góðar vatnslitamyndir og dúkristur.

Kosturinn við myndlist Sigurðar Thoroddsen er einkum sá, að honum „fer ekkert fram". Hann er hinn sami þegar hann situr við gluggann í foreldrahúsum, 10 ára gamall og málar næstu hús og þegar hann rúmlega sextíu árum síðar situr



Vatnslitamynd eftir Jón Gunnarsson.

við myndgerð í afturelding við Vesturbrún. Þess vegna eru myndir Sigurðar persónulegar. Hann upplifir mótív sín en klæðir þau ekki eftir Parísartízku.

Sýningu Sigurðar lýkur 21. júní.

Jón Gunnarsson

Jón Gunnarsson sýnir vatnslitamyndir að Kjarvalsstöðum dagana 11.-19. júní alls 76 myndir og er myndefni hans einkum tengt sjó og fiskveiðum. Þó eru á sýningunni nokkrar landslagsmyndir. Ef stiklað er á stóru um myndefnin þá eru þau Brotin bátur, Vestanátt, Endabauja, Frá Reykjanesi, Kvika, Esjan, Uppstilling, t.s.frv.,

Ég hef ekki áður séð sýningu hjá Jóni Gunnarssyni, en dálítið hef ég séð af myndum hans. Ég er sammála því áliti listráðs, að vatnslitamyndir Jóns Gunnarssonar eru betri en olíumálverkin (þau sem ég hefi séð), en ég er hins vegar ósammála tilskipun listráðs, að Jón megi einvörðungu sýna vatnsliti á Kjarvalsstöðum, en ekki olíumálverk.

Bevan sagði við brezka þingið: Þið verðið að taka mig eins og ég er, eða láta mig hætta, en hann var utanríkisráðherra og fór persónulegar leiðir. Hann vildi ekki láta breyta sér neitt í þinginu.

Sama á að gjöra á Kjarvalsstöðum, annað hvort fá menn að sýna þar eða ekki. Að meina ákveðnar myndir, er of mikil miðstýring og jaðrar við áreitni: jafnvel þótt maður sé sammála því að vatnslitir séu betri en eitthvað annað í farangri listamanna.

Á sýningu Jóns Gunnarssonar eru margar ágætar myndir. Í þeim er talsvert atvinnulíf og veðurfar. Saltar stemmur frá hafinu.

Þótt segja megi sem svo, að Jón Gunnarsson oftaki sig á sumu af sínu myndefni, þá er heildarsvipur sýningarinnar góður.

Ragnar Páll í Bogasal

Ragnar Páll Einarsson, er hálfgerður útigangsmaður í myndlistinni — þannig séð, að myndlistarstjórnmálamenn eða



fólk í listum

„Stéttlausa" sté

Í könnun, er nemendur við Menntaskólann á Akureyri gerðu, kemur berlega í ljós að talsverður munur er á íbúum einstakra hverfa á Akureyri og virðast þeir skiptast í ólíka hópa eftir aldri hverfanna. Þau atriði sem einkum og sér í lagi vekja eftirtekt lesandans eru m.a. eftirfarandi: Fólk sem kaupir íbúðir í elztu hverfunum er oftar lágtekjufólk og sjaldnar hátekjufólk en fólk sem kaupir íbúðir í nýju hverfunum. Þeir sem hafa miklar tekjur eru tiltölulega fámennir í elztu hverfunum. Fólk sem býr í yngstu hverfunum virðist njóta betri lánafyrirgreiðslu, þ.e. skuldar yfirleitt meira, en fólk í elztu hverfunum. Kaupendur eldra húsnæðis hafa yfirleitt átt áður heima í sama hverfi. Fólk sem kaupir íbúðir í elztu hverfunum er á svipuðum aldri og fólk sem kaupir íbúðir í yngstu hverfunum. Barnlaust fólk og einhleypt er tiltölulega fleira í elztu hverfunum en í þeim yngstu.

ATH-Reykjavík. Við Íslendingar höfum löngum hreykt okkur af því að hér ríkti stéttlaust þjóðfélag. Sem betur fer þá ríkir hér á landi ekki svipaður ójöfnuður og víða í nágrannalöndunum, en því fer fjarri að mannlífið hér sé svo sem margir vilja vera láta. Því miður hafa ekki verið gerðar ítarlegar kannanir á þessu sviði hér á landi, en þau gögn sem fyrir liggja nú þegar, ættu að vera ráðamönnum nægjanlegur leiðarvísir, hafi þeir yfirleitt áhuga á að breyta þróuninni.

Það er opinbert leyndarmál, að búseta fólks skiptist á hverfi eftir efnahag. Í Reykjavík til að mynda, býr efnaminna fólk gjarnan í gamla bænum og í ákveðnum hlutum Breiðholtshverfa. Á Akureyri hins vegar þá býr það fólk á Eyrinni og í innbænum. Um þetta segir svo í norrænu menningarkönnuninni sem gerð var á Akureyri á árunum 1974-75: „Svo virðist sem hátekjustéttirnar, atvinnurekendur og opinberir starfsmenn, séu einkum í nýrri hverfunum í bænum. Einkum er skiptingin skýr í Lundunum, Byggðunum og syðri brekkum. Faglærðir verkamenn sem margir hverjir hafa ekki lakari tekjur en atvinnurekendur og embættismenn búa einkum í Gerðunum, Lundunum og Völlunum og einnig í Glerárhverfi austan Hörgárbrautar. Athyglisvert er hve fáir atvinnurekendur og opinberir starfsmenn eru á Oddeyri og í Glerárhverfum. Stéttaskipting eftir hverfum virðist þannig vera tiltölulega skýr á Akureyri."

„Stéttaskiptingin" könnuð nánar

Þó svo að gott starf hafi verið unnið með norrænu menningarkönnuninni, vantaði mikið uppá að verkinu yrði lokið. Henni var ekki ætlað að rannsaka mismun á íbúum hverfanna og síðastliðið haust könnuðu því nokkrir nemendur í félagsfræðideild Menntaskólans á Akureyri þessa stéttaskiptingu nánar.

Aðalheiður E. Jónsdóttir og Anna Þ. Ingólfsdóttir gerðu athugun á aðalbyggingartíma hverfanna sem gengið hafði verið út frá í norrænu menningarkönnuninni og í leik- og starfskönnun, sem gerð var snemma á s.l. ári. Síðan rannsakaði Anna útsvarsgreiðslur fólks í þessum hverfum árið 1976 en Aðalheiður kannaði flutninga fólks innan bæjarins, hvaðan fólk flutti og hvert árið 1975 og fyrri hluta árs 1976. Hún takmarkaði rannsókn sína við þá sem höfðu keypt íbúðarhúsnæði eða byggt og flutt í það á þessum tíma. Jafnframt safnaði hún upplýsingum um aldur fólks og útsvarsgreiðslur. Nanna Rögnvaldsdóttir rannsakaði fjölskyldustærð og gerð í hverfunum.

Bæjarhverfunum á Akureyri var skipt í fjóra flokka til aðgreiningar, þ.e.: Hverfi A: Gerði, Lundir — Hverfi B: Byggðir, Glerárhverfi — Hverfi C: Brekkur, Mýrar, Vellir — Hverfi D: Innbær, gamla Eyrin, miðbær. Elzta hverfið er innbærinn, en hann byggðist upp á árunum 1880 til 1930. Yngstu hverfin eru Gerðin og Lundirn-



Úr Glerárþorpi



Svipmynd af Eyrinni. Þessi hluti bæjarins var byggður á árunum 1